

KJARAKÖNNUN FÉLAGS VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐINGA 2017

FRAMKVÆMD

Kjarakönnun FVH var framkvæmd af Zenter rannsóknnum á tímabilinu 1. til 31. desember árið 2017.

Í úrtaki voru viðskipta- og hagfræðingar á Íslandi. Úrtakslisti var unninn úr listum yfir útskrifaða viðskipta- og hagfræðinga sem fenginn var frá háskólum á Íslandi. Í heildina voru 3.003 viðskipta- og hagfræðingar með skráð íslensk símanúmer. Heildarfjöldi þeirra sem svöruðu í símann og samþykktu þátttöku var 1.693. Þeir sem samþykktu þátttöku fengu senda netkönnun á netfang sitt. 1.109 manns svöruðu könnuninni og var svarhlutfallið 66%.

Rafrænar útsendingar á könnun hófust 1. desember 2017 og stóðu yfir í allan desember. Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningum út frá stöðu á vinnumarkaði og launum í nóvembermánuði árið 2017. Zenter rannsóknir önnuðust alla gagnavinnslu og tryggðu nafnleynd við þátttakendur.

Lýsing á rannsókn

Verkefni:..... Kjarakönnun Félags viðskipta- og hagfræðinga 2017
 Framkvæmdatími:..... 1. til 31. desember 2017
 Aðferð:..... Netkönnun meðal viðskipta- og hagfræðinga á Íslandi

Stærð úrtaks og svörun

Úrtak: 3.003 (viðskipta- og hagfræðingar með skráð íslensk símanúmer)
 Fjöldi sem gaf upp netfang 1.693
 Svarendur:..... 1.109
 Svarhlutfall:..... 66%

LAUN OG LAUNARÞRÓUN

Samkvæmt niðurstöðum er miðgildi heildarlauna viðskipta- og hagfræðinga 800.000 kr. en meðaltal heildarlauna er 881.000 kr. Þar sem meðaltal launa er hærra en miðgildið er dreifingin jákvætt skekkt sem þýðir að meirihluti einstaklinga fær lægri laun en meðallaun. Vikmörk meðaltals heildarlauna eru á bilinu 855.000 kr. til 906.000 kr. og er hægt að segja með 95% vissu að raunverulegt meðaltal þýðisins liggja innan þessara marka. Staðalfrávik heildarlauna er 388.000 kr. og er því nokkur dreifing á heildarlaunum.

Meðaltal grunnlauna er 797.000 kr., miðgildið er 710.000 kr. og staðalfrávik 382.000 kr. Miðgildi fyrir greidda yfirvinnu er 0 þar sem meirihluti svarenda fékk ekki greidda yfirvinnu en meðaltalið er 26.000 kr. og staðalfrávik 73.000 kr. Það leiðir í ljós að meirihluti viðskipta- og hagfræðinga fá föst mánaðarlaun.

Miðgildi grunnlauna viðskipta- og hagfræðinga í nóvember 2017 voru **710.000 kr.** og miðgildi heildarlauna **800.000 kr.**

GRUNNLAUN (í þús. kr.)

Fjöldi svara	Miðgildi	Meðaltal	Vikmörk meðaltals	Staðalfrávik	Lægsta upphæð	Hæsta upphæð
899	710	797	772 til 822	382	45	3300

HEILDARLAUN (í þús. kr.)


Fjöldi svara	Miðgildi	Meðaltal	Vikmörk meðaltals	Staðalfrávik	Lægsta upphæð	Hæsta upphæð
906	800	881	855 til 906	388	120	3646

GREIDD YFIRVINNA (í þús. kr.)

Fjöldi svara	Miðgildi	Meðaltal	Vikmörk meðaltals	Staðalfrávik	Lægsta upphæð	Hæsta upphæð
906	0	26	21 til 31	73	0	750

Tafla 1. Grunnlaun, heildarlaun og greidd yfirvinna.

LAUNADREIFING HEILDARLAUNA (í þús. kr.)




Mynd 1. Launadreifing heildarlauna (í þús. kr.). X-ás sýnir heildarlaun í þús. kr. og y-ás sýnir hlutfall svarenda.

LAUN OG LAUNABRÓUN

Miðgildi heildarlauna hefur hækkað um 2,3% frá árinu 2015, sjá mynd 2 og töflu 2. Laun karla hafa hækkað um 8,0% á meðan laun kvenna hafa hækkað um 6,9%. Athugið að í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til starfshlutfalls, yfirvinnutíma og annarra breyta sem geta haft áhrif á heildarlaun.

MIÐGILDI HEILDARLAUNA FRÁ 1997–2017 (í þús. kr.)



Mynd 2. Þróun á miðgildi heildarlauna 1997 til 2017.

MIÐGILDI HEILDARLAUNA


ÞRÓUN

Ár	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
2017	800	916	740	2,3%	8,0%	6,9%
2015	782	848	692	7,3%	6,5%	6,6%
2013	729	796	649	20,7%	20,4%	20,2%
2011	604	661	540	0,7%	1,7%	-1,8%
2010	600	650	550	3,3%	2,2%	0,5%
2009	581	636	547	7,6%	6,0%	9,4%
2008	540	600	500	3,8%	2,4%	11,1%
2007	520	586	450	13,0%	13,3%	12,8%
2005	460	517	399	5,7%	10,0%	10,8%
2003	435	470	360	13,9%	16,0%	8,1%
2001	382	405	333	19,4%	15,7%	31,6%
1999	320	350	253	23,1%	22,8%	19,9%
1997	260	285	211			

Tafla 2. Miðgildi heildarlauna karla og kvenna og þróun á milli ára.

KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

Kynbundinn launamunur er launamunur sem ekki verður útskýrður með öðru en kynferði. Til að kanna kynbundinn launamun var gerð aðhvarfsgreining þar sem leiðrétt var fyrir eftirfarandi áhrifaþáttum: starfshlutfalli, menntun, aldri, starfsaldri, fjölda yfirvinnutíma, mannaforráðum, búsetu og starfsheiti. Samkvæmt niðurstöðum eru karlar með 7,5% hærra meðalheildarlaun en konur þegar búið er að leiðrétta fyrir áhrifaþáttum (samanborið við 16,9% án leiðréttingar).



16,9% ÓLEIÐRÉTT
7,5% LEIÐRÉTT


KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

Myndin sýnir launaþróun eftir aldri og kyni þeirra sem eru í fullu starfi. Marktækur munur er á meðallaunum karla og kvenna í fullu starfi í öllum aldurshópum. Einng er miðgildi heildarlauna karla hærra en kvenna í öllum aldurshópum. Mestur er kynjamunurinn í aldurshópnum 20 til 29 ára og 40 til 49 ára. Athugið að fá svör eru á bak við aldurshópin 20 til 29 ára.

	MEÐALTAL		MIÐGILDI		FJÖLDI		
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Allir
20 til 29 ára	729*	569*	720	535	13	19	32
30 til 39 ára	870*	778*	832	733	109	128	237
40 til 49 ára	1092*	864*	993	780	116	159	275
50 ára og eldri	1085*	907*	991	845	112	102	214

Tafla 3. Meðaltal og miðgildi heildarlauna og fjöldi svara.

*Marktækur munur milli hópa



Mynd 3. Miðgildi heildarlauna (í þús. kr.) þeirra sem eru í fullu starfi eftir kyni og aldri.


LAUN EFTIR MENNTUN

Miðgildi launa hefur hækkað í öllum menntunarstigum frá árinu 2015. Meðaltal heildarlauna svarenda með MSc-, MBA- og Cand.Oecon-gráðu er marktækt hærra en þeirra sem eru með BSc-gráðu. Einnig er meðaltal heildarlauna svarenda með Cand. Oecon-gráðu marktækt hærra en þeirra sem eru með MSc-gráðu. Laun þeirra sem eru með PhD-gráðu eru ekki tekin með þar sem fjöldi svara var ekki nægur.

Prófgráða	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi
MBA	1033*	1000	91
Cand. Oecon	1056*	967	121
Meistaragráða (t.d. MSc og MA)	900*	828	301
Bachelor gráða (BSc/BA)	757*	700	358

Tafla 4. Meðaltal og miðgildi heildarlauna og fjöldi svara.

*Marktækur munur milli hópa




LAUN EFTIR FJÖLDA ÁRA Á VINNUMARKAÐI

Niðurstöður sýna að miðgildi heildarlauna hækkar í takt við starfsaldur og er sterkt samband á milli fjöldi ára á vinnumarkaði og meðaltals heildarlauna. Hinsvegar, eins og sést á mynd 5 hefur miðgildi heildarlauna hjá þeim sem hafa unnið í 0-2 ár lækkað frá árinu 2015 á meðan laun annarra hafa hækkað.

Fjöldi ára á vinnumarkaði	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi
0 til 2 ár	568*	500	43
3 til 5 ár	694*	658	92
6 til 10 ár	765*	730	240
11 til 20 ár	964*	895	331
21 til 30 ár	1074*	978	121
Lengur en 30 ár	1019*	978	67

Tafla 5. Meðaltal og miðgildi heildarlauna og fjöldi svara.

*Marktækur munur milli hópa



Mynd 5. Miðgildi heildarlauna (í þús. kr.) eftir fjölda ára á vinnumarkaði.


LAUN EFTIR MANNAFORRÁÐUM

Samkvæmt niðurstöðum er sterkt marktækt samband á milli mannaforráða og meðaltals heildarlauna. Miðgildi heildarlauna þeirra sem eru ekki með mannaforráð eru 726.000 kr. á mánuði en miðgildi þeirra sem hafa mannaforráð yfir 20 eða fleiri starfsmönnum er 1.150.000 kr. Miðgildi heildarlauna þeirra sem eru með mannaforráð yfir 11 til 19 manns hefur hækkað mest, eða um 160.000 kr. frá árinu 2015.

Fjöldi starfsmanna	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi
20 manns eða fleiri	1242*	1150	77
11 til 19 manns	1042*	1060	57
6 til 10 manns	1237*	1100	57
3 til 5 manns	999*	960	94
1 til 2 manns	901*	871	71
Ég er ekki með mannaforráð	754*	726	537

Tafla 6. Meðaltal og miðgildi heildarlauna og fjöldi svara.

*Marktækur munur milli hópa



Mynd 6. Miðgildi heildarlauna (í þús. kr.) eftir mannaforráðum.

LAUN EFTIR STARFSHEITI


Í könnuninni gátu þátttakendur valið um 19 starfsheiti sem lýsti stöðu þeirra best. Ekki náðist nægilegur fjöldi svara fyrir fjögur starfsheiti og var þeim því sleppt. Miðað var við að fimm eða fleiri þyrftu að svara til að niðurstöður yrðu sýndar fyrir þann hóp. Eins og sést á mynd 7 þá voru æðstu stjórnendur með hæstu launin, miðgildi heildarlauna þeirra er 1.310.000 kr. á mánuði.

Bókarar/launafulltrúar voru hins vegar með lægstu launin, eða 575.000 kr. á mánuði. Samkvæmt niðurstöðum hafa laun allra hópa hækkað síðan 2015 fyrir utan kennara og skrifstofustjóra.

Eins og sést á töflu 7 þá eru flestir þátttakendur í hópnum „sérfræðingar“ og er miðgildi heildarlauna þeirra 764.000 kr. á mánuði og hafa laun þeirra hækkað um 134.000 kr. frá árinu 2015.

Fjöldi starfsmanna	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi
Æðstu stjórnendur (+20 stm)	1330*	1310	24
Löggiltur endurskoðandi	1349*	1250	13
Fjármálastjóri	1221*	1150	49
Framkvæmdastjóri / forstöðumaður sviðs	1183*	1141	96
Fjármálasérfræðingur	1100*	1017	12
Mannauðs-/starfsmannastjóri	922*	1008	7
Æðstu stjórnendur (-20 stm)	1062*	950	54
Deildarstjóri	947*	916	64
Sölu- og markaðsstjóri	861*	860	23
Viðskipta-/vörustjóri	788*	790	27
Sérfræðingur	801*	764	245
Verkefnastjóri	776*	745	67
Aðalbókari	732*	685	18
Ráðgjafi	741*	649	28
Skrifstofustjóri	667*	630	15
Kennari	650*	615	10
Bókari/launafulltrúi	575*	575	44

Tafla 7. Meðaltal og miðgildi heildarlauna og fjöldi svara.



Mynd 7. Miðgildi heildarlauna (í þús. kr.) eftir starfsheiti.


LAUN EFTIR OPINBERA OG ALMENNA MARKAÐNUM

Þegar laun viðskipta- og hagfræðinga á almennum markaði eru borin saman við laun þeirra sem eru að vinna hjá hinu opinbera kemur í ljós að laun á almennum markaði eru marktækt hærri en hjá hinu opinbera. Miðgildi heildarlauna þeirra sem eru á almennum markaði er 45.000 kr. hærra en hjá hinu opinbera. Einnig er marktækur munur á meðaltali heildarlauna karla og kvenna hjá hinu opinbera sem og á almennum markaði.

	MEÐALTAL		MIÐGILDI		FJÖLDI		
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Allir
Á almennum markaði	1012*	806*	940	730	261	291	552
Hjá hinu opinbera	939*	789*	885	750	82	147	229

Tafla 8. Meðaltal og miðgildi heildarlauna og fjöldi svara.

*Marktækur munur milli hópa



Mynd 8. Miðgildi heildarlauna (í þús. kr.) eftir opinbera og almenna markaðnum og kyni.


LAUN EFTIR BÚSETU

Nokkur munur er á heildarlaunum svarenda eftir búsetu. Svarendur sem búa á landsbyggðinni eru með lægri laun en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu, að undanskildum þeim sem búa á Suðurlandi.

Fjöldi starfsmanna	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi
Á Seltjarnarnesi	978*	900	19
Í Garðabæ	1021*	892	88
Í Reykjavík	891*	850	343
Á Suðurlandi	892*	825	38
Í Kópavogi	897*	820	152
Í Hafnarfirði	854*	801	88
Í Mosfellsbæ	933*	779	26
Á Vesturlandi	735*	745	28
Á Reykjanesi	732*	720	21
Á Vestfjörðum	765*	658	11
Á Norðurlandi	717*	639	58
Á Austurlandi	625*	580	11

Tafla 9. Meðaltal og miðgildi heildarlauna og fjöldi svara.

*Marktækur munur milli hópa



Mynd 9. Miðgildi heildarlauna eftir búsetu.

HEILDARLAUN EFTIR KYNI, MENNTUN OG STARFSALDRI

Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir kyni, menntun og starfsaldri er betur hægt að átta sig á því hvaða hópar eru með hæstu launin. Eins og sést á töflu 10 er nokkur launamunur á milli hópa. Hafa ber í huga að ákveðnir hópar eru frekar fámennir eins og sést í fjöldatölum á hægri hluta töflunnar og ber því að varast að draga ályktanir af þeim tölum. Þeir hópar sem eru með hæstu launin hafa verið feitletraðir.




Menntun	Starfsaldur	HEILDARLAUN		FJÖLDI		
		Karl	Kona	Karl	Kona	Heildarfjöldi
Bachelor gráða (BSc/BA)	Skemur en 1 ár	450	501	8	10	18
	1 til 2 ár	741	573	4	13	17
	3 til 5 ár	735	575	19	34	53
	6 til 10 ár	753	645	31	92	123
	11 til 20 ár	884	753	58	93	151
	21 til 30 ár	1000	846	7	4	11
	Lengur en 30 ár	700	918	6	2	8
Cand. Oecon	6 til 10 ár		450	0	1	1
	11 til 20 ár	980	980	12	16	28
	21 til 30 ár	965	953	35	23	58
	Lengur en 30 ár	991	1055	31	8	39
MBA	Skemur en 1 ár	1000		1	0	1
	1 til 2 ár		470	0	1	1
	3 til 5 ár	804	522	2	2	4
	6 til 10 ár	905	718	11	8	19
	11 til 20 ár	1100	1115	25	12	37
	21 til 30 ár	1150	963	12	7	19
Lengur en 30 ár	1240	1229	8	2	10	
Meistaragráða (t.d. MSc og MA)	Skemur en 1 ár	800	460	1	3	4
	1 til 2 ár		530	0	3	3
	3 til 5 ár	950	574	18	17	35
	6 til 10 ár	835	721	50	58	108
	11 til 20 ár	956	910	57	61	118
	21 til 30 ár	1000	933	29	8	37
	Lengur en 30 ár	1300	675	5	4	9

Tafla 10. Miðgildi heildarlauna eftir kyni, menntun og starfsaldri.

STARFSÁNÆGJA

Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir voru með núverandi starf sitt á heildina litið. 81% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir með núverandi starf sitt. 13% svarenda voru hvorki ánægðir né óánægðir og tæplega 6% óánægðir.

Þegar starfsánægja er borin saman við heildarlaun kom í ljós að það er lítil en jákvæð fylgni á milli starfsánægju og heildarlauna. Eftir því sem heildarlaun eru hærrí, því meiri er starfsánægja. Ekki var marktækur munur á starfsánægju eftir kyni.



■ Ánægðir ■ Hvorki né ■ Óánægðir


Mynd 11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með núverandi starf þitt á heildina litið?

LAUNAPRÓUN


Þátttakendur voru spurðir hvernig laun þeirra hafa þróast undanfarna 12 mánuði og kom í ljós að launin hafa hækkað hjá 81% svarenda á síðastliðnum 12 mánuðum.

Meirihluti svarenda taldi laun sín hafa hækkað í takt við kjarasamninga (55,6%) eða hækkað umfram kjarasamninga (23,0%) á síðastliðnum 12 mánuðum. 16,5% svöruðu að þau væru óbreytt, 2,8% að þau hafi hækkað minna en kjarasamningar og 2,1% að þau hafi lækkað.

Ekki var marktækur munur á launapróun eftir kyni.



Mynd 12. Hvernig hafa launin þín þróast undanfarna 12 mánuði?




Mynd 13. Svarmöguleikar hafa verið sameinaðir.

TÆKIFÆRI TIL AÐ FÁ SÖMU LAUN ANNARS STAÐAR

Þátttakendur voru spurðir hversu auðvelt eða erfitt væri að fá svipaða vinnu hjá öðrum atvinnurekanda fyrir svipuð hlunnindi og laun og hjá núverandi atvinnurekanda.

Af þeim sem tóku afstöðu svaraði helmingur svarenda að það væri mjög eða frekar auðvelt, 21% að það sé hvorki auðvelt né erfitt og tæp 29% að það sé erfitt.

Ekki var marktækur munur á milli kynja.



Mynd 14. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá vinnu hjá öðrum atvinnurekanda þar sem þú fengir svipuð laun og hlunnindi og þú færð nú?

REYKJAVÍK, MAÍ 2018

Bestu þakkir,
Trausti Haraldsson
Bryndís Marteinsdóttir
Katrín Þyri Magnúsdóttir
Atli Geir Hallgrímsson

Allar ábendingar vel þegnar.
Ekki hika við að senda okkur tölvupóst
á netfangið rannsoknir@zenter.is

Skýrsla þessi er einungis ætluð þeim aðila sem hana keypti.
Öll opinber dreifing eða birting er óheimil án samþykkis Zenter.